

Heimahjúkrun langveikra barna

Auglýsing eftir áhugasömum þjónustuveitanda

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) óska eftir viðræðum við áhugasama aðila sem eru tilbúnir að taka að sér að skipuleggja og veita langveikum börnum heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þjónustuveitandi skal vera sjálfstæður lögaðili í meirihlutaeigu heilbrigðisstarfsmanns/manna sem starfa í þjónustunni í að minnsta kosti 50% starfshlutfalli að jafnaði.

Fagleg yfirstjórn þjónustunnar skal vera í höndum hjúkrunarfræðings með sérfræðileysi í barnahjúkrun og a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem slíkur. Þeir hjúkrunarfræðingar sem inna myndu af hendi þjónustuna skulu hafa sérþekkingu sem felst í a.m.k. 5 ára reynslu af barnageð- eða barnahjúkrun ásamt því að hafa sótt símenntunarnámskeið. Þjónustan sem veita á felst í vitjunum til alvarlega langveikra barna, bæði með geðraskanir (um 25% vitjana) eða aðra langvinna sjúkdóma og dreifist yfir alla daga ársins ásamt bráðaútköllum þegar við á.

Áhugasamir skulu senda almennar upplýsingar um þjónustuveitanda, eignarhald og faglegan yfirstjórnanda, auk starfsferilskrá lykilstarfsmanna á tölvupóstfangið innkaup@sjukra.is eigi síðar en **15. ágúst 2019**. Þá skal fylgja í tölvupóstinum stutt samantekt á hugmyndafræði þjónustunnar, samsetningu teymisins, ásamt öðru því sem viðkomandi aðili vill koma á framfæri í tengslum við verkefnið.